



S P A R I S J Ó ð U R M Ý R A S Ý S L U

S k r á n i n g a r l ý s i n g

S k u l d a b r é f a f l o k k u r

2 . f l o k k u r 2 0 0 6

J ú n í 2 0 0 6



FJÁRFESTINGARBANKI

Yfirlýsingar

Yfirlýsing útgefanda

Stjórn Sparisjóðs Mýrasýslu, kt. 610269-5409, Digranesgötu 2, 310 Borgarnesi, lýsir því yfir að upplýsingar í skráningarlýsingu þessari séu eftir bestu vitund hennar í samræmi við staðreyndir og að engu mikilvægu atriði sé sleppt sem áhrif geti haft á mat á útgefanda og verðbréfum hans.

Skráningarlýsingin er gerð skv. 6. gr. viðauka IV við reglugerð nr. 434/1999, um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll, sbr. ákvæði til bráðabirgða í reglugerð 242/2006.

Borgarnesi, 8. júní 2006
f.h. stjórnar Sparisjóðs Mýrasýslu



Gísli Kjartansson, kt. 020644-2499
Sparisjóðsstjóri

Yfirlýsing umsjónaraðila

MP Fjárfestingarbanki hf., kt. 540599-2469, Skipholti 50d 2.h., 105 Reykjavík, lýsir því yfir að við gerð skráningarlýsingarinnar var aflað þeirra gagna sem að mati MP Fjárfestingarbanka hf. voru nauðsynleg til þess að gefa rétta mynd af Sparisjóði Mýrasýslu og verðbréfum hans og að mati MP Fjárfestingarbanka hf. var engu atriði sleppt sem áhrif gæti haft á mat á útgefanda og verðbréfum hans sem óskað er skráningar á.

Skráningarlýsingin er gerð skv. 6. gr. viðauka IV við reglugerð nr. 434/1999, um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll, sbr. ákvæði til bráðabirgða í reglugerð 242/2006.

Reykjavík, 8. júní 2006
f.h. MP Fjárfestingarbanka hf.



Ómar Sigtryggsson, kt. 280178-3719
Forstöðumaður fyrirtækjasviðs

Útgefandi

Útgefandi

Sparisjóður Mýrasýslu, kt. 610269-5409
Heimilisfang: Digranesgötu 2, 310 Borgarnesi
Símanúmer: 430 7500
Vefsvæði: www.spm.is

Starfsemi

Samkvæmt 3. gr. samþykktar starfar Sparisjóður Mýrasýslu skv. lögum, um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Í samþykktum er kveðið á um að hlutverk hans er að stunda sparisjóðastarfsemi eins og hún er skilgreind í áður tilgreindum lögum.

Ákvörðun um útgáfu

Stjórn Sparisjóðs Mýrasýslu samþykkti skuldabréfaútgáfu þessa á fundi þann 29. mars 2006. Samþykkt var heimild til að gefa út verðtryggð skuldabréf til allt að 7 ára að fjárhæð allt að 1.000.000.000 kr. Búið er að gefa út allan flokkinn í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands en selja 500.000.000 kr. Ónýtt heimild stjórnar er því að fjárhæð 500.000.000 kr. Stjórn Sparisjóðs Mýrasýslu hefur ákveðið að loka skuldabréfaflokknum þegar hámarksstærð, 1.000.000.000 kr., er náð.

Tilgangur útgáfu

Tilgangur útgáfunnar er að afla fjár til starfsemi Sparisjóðs Mýrasýslu Tilgangur skráningar í Kauphöll Íslands hf. er að auðvelda viðskipti með skuldabréfin.

Skráning

Skráning

Kauphöll Íslands hf. hefur samþykkt að taka skuldabréf Sparisjóðs Mýrasýslu, 2. flokk 2006, á skrá. Þegar útgefin og seld skuldabréf samtals að nafnverði 500.000.000 kr. verða skráð þann 12. júní 2006 enda verði öll skilyrði skráningar uppfyllt. Um skráningu á frekari sölu í skuldabréfaflokknum verður tilkynnt í fréttakerfi Kauphallar Íslands hverju sinni.

Einingar og auðkenni

Skuldabréfin eru rafrænt skráð í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. sem starfar í samræmi við lög nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Auðkenni flokksins er SPM 06 2 og ISIN auðkenni IS0000012516. Skuldabréfin eru í 5.000.000 kr. einingum og er fjöldi útgefinna bréfa 200.

Umsjónaraðili og milliganga vegna skráningar

MP Fjárfestingarbanki hf., kt. 540599-2469, Skipholti 50d 2.h., 105 Reykjavík.

Kostnaður

Sparisjóður Mýrasýslu greiðir allan kostnað við skráningu, svo sem gjöld til Verðbréfaskráningar Íslands og Kauphallar Íslands. Skuldabréfin eru ekki stimpilskyld. Kostnaður við skráningu er áætlaður tæplega 7 milljónir króna. Andvirði skuldabréfaútboðs að frádrögnum öllum kostnaði var um 499 milljónir króna.

Viðskiptavakt

Engin viðskiptavakt er tengd skuldabréfaútgáfu þessari.

Sölufyrirkomulag

Söluaðili

MP Fjárfestingarbanki hf., kt. 540599-2469, Skipholti 50d 2.h., 105 Reykjavík.

Fyrirkomulag sölu

Skuldabréf að fjárhæð 500.000.000 kr. að nafnverði voru seld til fagfjófesta í lokuðu skuldabréfaútboði. Komi til frekari sölu verða þau seld með sambærilegum hætti.

Sölutími og afhending

Skuldabréfin voru seld og afhent gegn staðgreiðslu þann 4. maí 2006. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um frekari sölu í skuldabréfaflokknum. Kauphöll Íslands hf. verður tilkynnt um frekari sölu ef til hennar kemur.

Sölugengi og ávöxtunarkrafa

Ávöxtunarkrafa skuldabréfanna á fyrsta söludegi var 5,4% og sölugengi 1,013847. Sölugengi og ávöxtunarkrafa ákvarðast af markaðsaðstæðum á hverjum tíma. Upplýsingar um gengi skuldabréfanna má nálgast hjá MP Fjárfestingarbanka hf., Skipholti 50d 2.h., 105 Reykjavík.

Sölutrygging

Skuldabréf í þessu útboði voru sölutryggð af MP Fjárfestingarbanka hf.

Skilmálar skuldabréfanna

Útgáfudagur

Útgáfudagur skuldabréfanna var 19. apríl 2006.

Nafnverð og lánstími

Heildarfjárhæð skuldabréfaflokksins er nú 500.000.000 kr. að nafnverði en skuldabréfaflokkurinn er opinn og getur hámarksstærð hans orðið 1.000.000.000 kr. Skuldabréfin eru til 5 ára með einni greiðslu höfuðstóls þann 19. apríl 2011.

Vextir

Af höfuðstól skuldarinnar eins og hann er á hverjum tíma ber að greiða 5,4% fasta vexti. Vextir reiknast frá 19. apríl 2006 og greiðast einu sinni á ári, í fyrsta sinn 19. apríl 2007 og í síðasta sinn 19. apríl 2011. Dagaregla er 30/360.

Verðtrygging

Skuldabréf Sparisjóðs Mýrasýslu eru bundin vísitölu neysluverðs, sem reiknuð er og birt af Hagstofu Íslands skv. lögum nr. 12/1995, um vísitölu neysluverðs, með grunnvísitölu í apríl 2006 sem er 252,3 stig. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölunni frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli síðari gjalldaga. Höfuðstóll skuldarinnar er reiknaður út áður en vextir eru reiknaðir.

Uppgreiðsluheimild

Engin uppgreiðsluheimild er fyrir hendi.

Greiðslur

Sparisjóður Mýrasýslu mun, fyrir milligöngu Verðbréfasráningar Íslands hf., greiða af skuldabréfunum, þ.e. höfuðstól, verðbætur og vexti á gjalddaga, til þeirrar reikningsstofnanna þar sem skráðir eigendur skuldabréfanna hafa VS reikning. Viðkomandi reikningsstofnanir annast endanlegar greiðslur inn á reikninga eigenda.

Tryggingar og réttindi

Sparisjóður Mýrasýslu ábyrgist endurgreiðslu skuldabréfanna með tekjum sínum og eignum. Engin sérstök réttindi, hlunnindi, víkjandi ákvæði né forkaupsréttarákvæði fylgja útgáfu skuldabréfanna.

Viðtökudráttur og vanskil

Ef enginn bankareikningur er tengdur VS reikningi eiganda skuldabréfs og eignin ekki skráð hjá reikningsstofnun, sbr. 5. tl. 9. gr. reglugerðar nr. 397/2000, um rafræna eignarskráningu verðbréfa í verðbréfamiðstöð, má vitja greiðslu hjá útgefanda. Reiknast hvorki vextir né dráttarvextir af viðkomandi greiðslu frá gjalddaga til þess dags sem greiðslunnar er krafist.

Greiði útgefandi ekki á gjalddaga skuldabréfanna, enda hafi skuldabréfaeigandi fyrir þann tíma framvísað með sannanlegum hætti staðfestingu á eign sinni á VS reikningi hjá reikningsstofnun, er skuldabréfaeiganda heimilt að innheimta dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni eða gjaldfældri upphæð.

Hafi greiðsla ekki verið innt af hendi 14 dögum eftir gjalddaga eða 14 dögum eftir að innheimtubræfi hefur verið framvísað til greiðslu, enda hafi skuldabréfaeigandi þá ekki fengið greitt í gegnum VS reikning hjá Verðbréfasráningu Íslands, er skuldabréfaeiganda heimilt að fella alla skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Sama gildir ef skuldari leitar nauðasamninga eða bú hans er tekið til gjaldprotaskipta.

Verði skuldin gjaldfæld samkvæmt framansögðu, má gera aðför hjá skuldara til fullnustu skuldarinnar, án undangengins dóms eða réttarsáttar skv. 7. tl. 1. mgr. 1 gr. laga nr. 90/1989, um aðför, að undangenginni greiðsluáskorun samkvæmt 7. gr. laganna. Auk þess að ná til höfuðstóls skuldarinnar, nær aðfararheimild þessi til vaxta, verðbóta, dráttarvaxta auk alls kostnaðar af innheimtuaðgerðum og frekari fullnustuaðgerðum, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989.

Eignarréttur og framsal

Gagnvart útgefanda skoðast yfirlit Verðbréfasráningar Íslands um eigendur skuldabréfanna sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti. Greiðslur og tilkynningar eru sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi verðbréfa.

Einungis er heimilt að framselja skuldabréfin til nafngreinds aðila. Skuldabréfin eru gefin út með rafrænum hætti í kerfi Verðbréfasráningar Íslands hf. og er reikningsstofnunum, eins og þær eru skilgreindar skv. lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, einum heimilt að annast milligöngu um framsal á þeim. Eignarskráning rafréfa hjá Verðbréfasráningu Íslands hf. veitir skráðum eiganda hennar lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Engar aðrar hömlur eru á framsali skuldabréfa þessara.

Réttindi að rafréfum skal skrá í verðbréfamiðstöð ef þau eiga að njóta réttarverndar gegn fullnustugerðum og ráðstöfunum með samningi. Óheimilt er að gefa út viðskiptabréf fyrir skráðum réttindum samkvæmt rafréfi eða framselja þau og eru slík viðskipti ógild. Eignarskráning rafréfs í verðbréfamiðstöð, að undangenginni lokafærslu verðbréfamiðstöðvar, veitir skráðum eiganda lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær beiðni reikningsstofnunar um skráningu þeirra berst verðbréfamiðstöð.

Fyrningarákvæði

Höfuðstóll skuldabréfanna fyrnist á tíu árum frá gjalddaga skv. 4. gr. laga nr. 14/1905, um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Vextir skuldabréfanna fyrnast á fjórum árum frá gjalddaga skv. 3. gr. sömu laga.

Skattar

Um skattalega meðferð skuldabréfanna fer eftir gildandi skattalögum á hverjum tíma. Samkvæmt lögum nr. 129/2004, um breytingu á lögum nr. 90/2003, teljast skuldabréfin ekki til eignarskattsstofns hjá einstaklingum og lögaðilum.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, er Sparisjóði Mýrasýslu skylt að draga staðgreiðslu af fjármagnstekjum og skila í ríkissjóð.

Skuldabréfin eru undanþegnir stimpilgjöldum samkvæmt 115. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Meðferð ágreinings

Rísi mál út af skuldabréfunum má reka það fyrir Héraðsdómi Vesturlands skv. ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Upplýsingar og gögn

Skráningarlýsing og önnur gögn sem vísað er til í skráningarlýsingu þessari liggja frammi hjá:

MP Fjárfestingarbanka hf.
Heimilisfang: Skipholti 50d 2.h., 105 Reykjavík
Símanúmer: 540 3200
Vefsvæði: www.mp.is.